



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Innri endurskoðunaráætlun 2020 og tengd mál

Í starfsreglum Innri endurskoðunar er kveðið á um að áhættugrunduð innri endurskoðunaráætlun skuli lögð fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og borgarráð til kynningar. Í samræmi við IPPF staðal 2010 hefur Innri endurskoðun beitt eigin mati á áhættu að teknu tilliti til innleggs frá stjórnendum og stjórn við gerð verkefnaáætlunar. Tekið var mið af uppbyggingu eftirlitsumhverfis borgarinnar og rætt við borgarfulltrúa og lykilstjórnendur borgarinnar um rekstur hvers sviðs fyrir sig og miðlægrar stjórnslu út frá stjórnarháttum, áhættustýringu og eftirliti. Við gerðendurskoðunaráætlunar var haft samráð við endurskoðunarnefnd. Áætlunin hefur verið lögð fram og samþykkt í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar sem jafnframt hefur farið yfir tillögur að breytingum á starfsreglum og yfirlýsingu um óhæði.

Með bréfi þessu fylgja innri endurskoðunaráætlun fyrir árið 2020 ásamt yfirlýsingu undirritaðs um stjórnskipulagslegt óhæði Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og uppfærðum starfsreglum sem samþykktar voru á fundi endurskoðunarnefndar 9. desember sl.

Helstu breytingar á starfsreglunum eru:

- Setuskyldu á borgarráðsfundum breytt í seturétt.
- Samþykkt á starfsreglunum færð frá borgarráði til endurskoðunarnefndar til einföldunar þar sem áður hafði nefndin það hlutverk að afgreiða og vísa til borgarráðs.
- Umfjöllun um eftirlitshlutverk endurskoðunarnefndar gagnvart starfsemi Innri endurskoðunar og innri endurskoðendum B hluta félaga
- Bætt við eftirfarandi setningu: *Innri endurskoðun fylgir í störfum sínum stjórnslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012 og persónuverndarlögum nr. 90/2018.*
- Bætt við eftirfarandi setningu: *Innri endurskoðun skilar árlegri skýrslu um starfsemi sína til endurskoðunarnefndar og er hún að því búnu lögð fram til kynningar í borgarráði*
- Eftirfarandi setning fjarlægð: *Innri endurskoðun er stjórnendum til aðstoðar við rekstrarlega hagræðingu og leggur áherslu á úrbætur á vinnuferlum og breytingar sem til framfara horfa.*

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Meðfylgjandi:

Innri endurskoðunaráætlun 2020, dags. 1. janúar 2020
Yfirlýsing um stjórnskipulagslegt óhæði dags. 6. janúar 2020
Starfsreglur Innri endurskoðunar, dags. 9. desember 2019

JANÚAR 2020



INNRI ENDURSKOÐUNARÁÆTLUN 2020 A-HLUTI BORGARSJÓÐS

INNRI ENDURSKOÐUN REYKJAVÍKURBORGAR

IE19080005



Meginreglur faglegrar innri endurskoðunar:

- ☞ Sýnir heidarleika.
- ☞ Sýnir hæfi og fagleg vinnubrögð.
- ☞ Sýnir hlutlægni og er óháð í störfum sínum.
- ☞ Tekur mið af stefnumörkun, markmiðum og þeirri áhættu sem tengist skipulagsheildinni.
- ☞ Staðsetning í skipuriti er við hæfi og auðlindir eru nægilegar.
- ☞ Hefur gæði og stöðugar umbætur að leiðarljósi.
- ☞ Miðlar upplýsingum á skýran hátt.
- ☞ Lætur í té áhættugrundað álit.
- ☞ Sýnir innsæi, frumkvæði og horfir til framtíðar.
- ☞ Hvetur til umbóta hjá skipulagsheildinni.

INNGANGUR

Í alþjóðlegum stöðlum og siðareglum um innri endurskoðun (*Stöðlunum*) er innri endurskoðun skilgreind sem:

Starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna og stuðlar þannig að því að fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök nái markmiðum sínum.

Skilgreining Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (IIA)

Innri endurskoðun er virðisaukandi fyrir skipulagsheildina og hagsmunaaðila hennar þegar hún tekur tillit til stefnu, markmiða og áhættu, leitast við að stinga upp á leiðum til að bæta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsferli og þegar hún veitir hlutlæga og viðeigandi staðfestingu.

Staðlarnir kveða á um að yfirmaður innri endurskoðunar skuli koma á áhættumiðaðri áætlun til að ákvarða forgangs röðun verkefna innri endurskoðunar í samræmi við meginmarkmið fyrirtækisins. Staðlarnir kveða enn fremur á um að verkefnaáætlun innri endurskoðunar skuli gerð á grundvelli skjalfests áhættumats.

Í þessari skýrslu birtist áhættumat Innri endurskoðunar og innri endurskoðunaráætlun A hluta Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020. Lögð er áhersla á að veita endurskoðunarnefnd, kjörnum fulltrúum og stjórnendum innsýn í aðferðafræði Innri endurskoðunar við framkvæmd áhættumats sem liggur til grundvallar verkefnavali og forsendum að baki innri endurskoðunaráætlunar fyrir árið 2020.

AUÐLINDIR

Fjárhagsrammi Innri endurskoðunar árið 2020 nemur um 108 milljónum, auk tekna upp á 36 milljóna vegna verksamninga um innri endurskoðun hjá fyrirtækjum innan B hluta borgarsjóðs. Heildarútgjöld eru þannig áætluð tæpar 144 milljónir.

Starfsmenn Innri endurskoðunar eru níu í 8,7 stöðugildum.

- ✓ Anna Margrét Jóhannesdóttir, verkefnastjóri úttekta
- ✓ Guðjón Hlynur Guðmundsson, verkefnastjóri
- ✓ Hallur Símonarson, innri endurskoðandi
- ✓ Jenný Stefanía Jensdóttir, verkefnastjóri
- ✓ Kristín Vilhjálmsdóttir, skrifstofustjóri
- ✓ Pétur Sævald Hilmarsson, verkefnastjóri
- ✓ Sigrún Jóhannesdóttir, lögfræðingur
- ✓ Sigrún Lilja Sigmarisdóttir, innri endurskoðandi ut-kerfa
- ✓ Þórunn Þórðardóttir, verkefnastjóri

Markmið Innri endurskoðunar er að nýta að jafnaði 60% vinnustunda í innri endurskoðunarverkefni á móti 40% sem fari í innra gæðastarf, fræðslu, endurmenntun, orlof, veikindi og annað. Miðað við mannafla Innri endurskoðunar er þannig ráðgert að árlega sé hægt að setja um 10.000 vinnustundir í innri endurskoðunarverkefni. Þær vinnustundir skiptast á milli A og B hluta borgarsjóðs og ráðgert er að nýta um 7.000 vinnustundir í verkefni fyrir A hluta borgarinnar á árinu 2020.




Á áætlun Innri endurskoðunar fyrir A hluta borgarsjóðs árið 2020 eru fimmtán frumverkefni sem áætlað er að taki að meðaltali 400 vinnustundir og sjö eftirfylgniverkefni sem taka um 150 vinnustundir að meðaltali. Miðað við áhættumat Innri endurskoðunar og æskilega tíðni verkefna ætti Innri endurskoðun hins vegar að gera um tuttugu frumverkefni árlega og fylgja þeim eftir. Unnið er að því að gera verklag við eftirfylgniúttektir skilvirkara en þó má ljóst vera að nokkur skortur er á auðlindum. Á það hefur áður verið bent og liggja til grundvallar gögn sem varpa ljósi á hvert umfang Innri endurskoðunar þyrfti að vera til að uppfylla markmið um að skoða allar endurskoðanlegar einingar á fimm ára fresti.

Á árinu er jafnframt fyrirhugað að ljúka endurskoðun gæðahandbókar Innri endurskoðunar og vinna í kjölfarið innra gæðamat í samræmi við IPPF staðal 1311. Ytra gæðamat skal framkvæma eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og þar sem nú eru liðin fimm ár frá síðasta mati er stefnt að því að fá ytri aðila til að framkvæma ytra gæðamat í samræmi við IPPF staðil 1312 en slíkt ytra mat s sem er kerfisbundin yfirferð á framkvæmd innri endurskoðunar. Í þeirri yfirferð er lagt mat á fylgni Innri endurskoðunar við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun (IPPF, International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing).

ÁHÆTTUMAT

Innri endurskoðandi ber ábyrgð á gerð áhættugrunndaðrar áætlunar um val og forgangs röðun verkefna Innri endurskoðunar til samræmis við meginmarkmið starfseminnar. Í starfsreglum Innri endurskoðunar er kveðið á um að endurskoðunaráætlun eigi að byggja á mati á áhættuþáttum í starfsemi borgarinnar, stofnunum og fyrirtækjum hennar.



Mynd 1 Ákvörðunarferli við verkefnaval

1. Endurskoðunarheimur

Endurskoðanlegar einingar teljast vera allar starfseiningar, ferlar, stefnur og annað sem Innri endurskoðun getur framkvæmt úttektir á. Við skilgreiningu á endurskoðanlegum einingum innan A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar var leitast við að greina starfsemina niður í einingar sem hafa skilgreinda ábyrgðaraðila. Þannig telst t.d. einn grunnskóli vera ein endurskoðanleg eining en Innri endurskoðun hefur við skilgreiningu á endurskoðunarheimi A hluta Reykjavíkurborgar dregið líkar starfseiningar saman í eina endurskoðanlega einingu þó vissulega séu ólík verkefni innan skólans sem telja megi endurskoðanlegar einingar, eins og rekstur mótuneytis, sérkennsla, bókasafn o.s.frv.

Með þessum hætti hefur endurskoðunarheimur A hluta verið áætlaður rétt rúmlega 70 endurskoðanlegar einingar sem Innri endurskoðun framkvæmir reglubundnar úttektir á í umboði borgarráðs.

Endurskoðanlegar einingar A hluta

Miðlægar starfseiningar

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
- Borgarlögmaður
- Skrifstofa borgarstjórnar

Fjármála- og áhættustýringarvið

- Áætlana og uppgjörsskrifstofa
- Bókhaldsskrifstofa
- Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa
- Innkaupaskrifstofa
- Launaskrifstofa
- Skrifstofa áhættustýringar
- Skrifstofa sviðsstjóra FÁST

Þjónustu- og nýsköpunarvið

- Borgarskjalasafn
- Gagnaþjónusta
- Rekstrarþjónusta
- Stafræn Reykjavík
- Skrifstofa sviðsstjóra PON
- Upplýsingatækniþjónusta
- Þjónustuhönnun

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

- Skrifstofa kjaramála
- Skrifstofa ráðningar og mönnunar
- Skrifstofa sviðsstjóra MOS
- Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis
- Verkefnastofa starfsmats

Lykilstefnur - þvert á starfsemi

- Þjónustustefna
- Mannauðsstefna
- Upplýsingastefna
- Mannréttindastefna
- Stefna um nýtingu upplýsingatækni
- Persónuverndarstefna
- Skjalastefna

Lykilferli - þvert á starfsemi

- Tekjuferli
- Fjárfestingar- og fjárhagsáætlunarferli
- Launaferli
- Aðfangferli
- Ráðningaferli
- Uppgjörferli - reikningskilaferli
- Styrkir og samstarfssamningar

Skóla- og frístundasvið

- Dagforeldrar
- Frístund
- Fríundaheimili og frístundaklúbbar
- Fríundamiðstöðvar
- Fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar
- Grunnskólar
- Leikskólar
- Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar
- Nýbúakennsla
- Sjálfstætt starfandi grunnskólar
- Sjálfstætt starfandi leikskólar
- Skrifstofa sviðsstjóra

Íþróttar- og tómstundasvið

- Sundlaugar
- Fjölskyldu- og húsdýragarður
- Hitt húsið
- Íþróttamannvirki
- Nauthólsvík
- Skíðasvæðin
- Aðalskrifstofa

Umhverfis- og skipulagssvið

- Skipulagsfulltrúi
- Samgöngustjóri og borgarhönnun
- Byggingarfulltrúi
- Umhverfisgæði
- Heilbrigðiseftirlit
- Framkvæmdir og viðhald mannvirkja
- Rekstur og umhirða borgarlands
- Skrifstofa sviðsstjóra og miðlægar einingar

Velferðarsvið

- Barnavernd Reykjavíkur
- Fjárhagsaðstoð
- Heimaþjónusta og heimahjúkrun
- Húsaleigubætur - gr. til Félagsbústaða
- Skrifstofa sviðsstjóra
- Þjónustumiðstöðvar

Menningar- og ferðamálasvið

- Höfuðborgarstofa
- Borgarbókasafn Reykjavíkur
- Listasafn Reykjavíkur
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Skrifstofa sviðs

2. Mat á áhættu

Áhættu má skilgreina sem þá ógnun að einhver atburður eða aðgerð hafi áhrif á getu borgarinnar til þess að ná markmiðum sínum eða framkvæma markaða stefnu. Áhætta af rekstri er metin **eðlislæg** (e. inherent) áhætta og **eftirstæð** (e. residual) áhætta. Eðlislæga áhættu má skilgreina með ýmsu móti en gagnvart Reykjavíkurborg er stuðst við;

- a) fjárhagsáhættu (e. materiality) í formi heildarfjármagns sem rennur til einingar á skalanum 1, 2, 3, 4, 5

Fjárhagsáætlun (tekjur + gjöld)	Skor
0-100 m.kr.	1
100 - 300 m.kr.	2
300 - 500 m.kr.	3
500 - 1000 m.kr.	4
>= 1000 m.kr.	5

- b) viðkvæmni þjónustu (e. sensitivity) gagnvart viðskiptavinum í bland við orðsporsáhættu á skalanum 0, 3, 5

Lýsing	Skor
Lítill hættu á notendur verði fyrir skaða, t.d. skrifstofu vinna sem ekki er í samskipti við viðskiptavinum eða ábyrgð á fjármálum	0
Möguleiki á líkamstjóni eða vellíðan einstaklings, skerðingu á friðhelgi einkalífsins. Hætta orðsporskaða.	3
Mikil hættu á líkamstjóni eða vellíðan einstaklings, skerðingu á friðhelgi einkalífsins. Mikil hættu orðsporskaða.	5

- c) áhyggjur stjórnenda (e. management concern) sem skilgreindar út frá viðhorfskönnun annars vegar og viðtölum við kjörna fulltrúa og lykilstjórnendur hins vegar á skalanum 0, 3, 5.

Lýsing	Skor
Litlar eða engar áhyggjur af endurskoðunarlegu einingunni	0
Áhyggjur af endurskoðunarlegu einingunni	3
Miklar og rökstuddar áhyggjur stjórnenda af endurskoðunarlegu einingunni	5

Áhættumat Innri endurskoðunar felst í því að meta eðlislægu áhættuna út frá efnislegri áhættu (e. material risk) annars vegar og hins vegar út frá því hversu viðkvæm starfsemin (e. sensitivity) er gagnvart þjónustuþegum eða starfsmönnum sem hana veita. Tíðni úttekta er síðan áætluð miðað við mat Innri endurskoðunar á líkum þess að atburður gerist út frá mótvægisáðgerðum sem stjórnendur hafa byggt inn í reksturinn og eftir stendur þá eftirstæð áhætta.

Áhættueinkunn (e. risk factor) eðlislægrar áhættu er reiknuð með eftirfarandi hætti út frá skori hvers þáttar og vægi:

$$(fjárhagsáhætta \times 3) + (viðkvæmni \text{ þjónustu} \times 3) + (\text{áhyggjur stjórnenda} \times 2)$$

Eftirstæð áhætta endurskoðunarlegrar einingar fæst með því að draga frá eðlislægri áhættu í hlutfalli við styrkleika eftirlits eins og það er innan einingarinnar á hverjum tíma.

Lýsing	Frádráttur
Áhættu ekki stýrt, litlar eða engar upplýsingar til um eftirlitsaðgerðir. Miklar líkur á að áhættur raungerist	0%
Nokkuð gott eftirlit þar sem áhættum er stýrt en tækifæri eru til að gera betur og styrkja eftirlitið og þar með draga úr líkum á að áhætta raungerist	30%
Sterkt eftirlit með litlum líkum á að áhættur raungerist, s.s. misferlisáhætta, orðsporsáhætta.	50%

3. Mat á eftirliti

Æskilegast er að byggja áhættumatið á mati stjórnenda og starfsmanna hvorrar endurskoðunarlegrar einingar en þar sem slíkt mat liggur ekki fyrir leggur Innri endurskoðun sjálf mat á mótvægisáðgerðir og eftirlit sem viðhaft er í starfseminni. Það er gert með því að fara yfir fyrri úttektir og viðbrögð stjórnenda við ábendingum úr þeim. Einnig eru tekin viðtöl við stjórnendur, starfsmenn og kjörna fulltrúa til að kalla eftir þeirra mati á áhættum innan starfsemi Reykjavíkurborgar. Þessu til viðbótar sinnir Innri endurskoðun vöktunarhlutverki með starfsemi borgarinnar á hverjum tíma.

4. Æskileg tíðni úttekta


Innri endurskoðun setur sér það markmið að leggja mat á og staðfesta virkni eftirlits, áhættustýringar og stjórnarháttá hjá öllum endurskoðanlegum einingum á fimm ára fresti hið minnsta. Grunnforsendan í þessu er skilgreiningin á endurskoðanlegum einingum og að hve miklu leyti starfseiningar eru dregnar saman í endurskoðanlegar einingar.

Á grundvelli áhættumats Innri endurskoðunar er tíðni staðfestingar á virkni eftirlits eftirlits, áhættustýringar og stjórnarháttá aukin. Sem fyrr segir er áhættan metin út frá áhrifum og líkum. Niðurstöður áhættumatsins eru síðan áhættukóðaðar í fjóra flokka með eftirfarandi hætti (sjá töflu). Frádráttur frá eðlislægri áhættu vegna mótvægisáðgerða getur verið á bilinu 0 – 50%.

Eðlislæg áhætta (inherent)				Frádráttur vegna mótvægisáðgerða	Eftirstæð áhætta (residual)	Æskileg tíðni endurskoðunar
31-40				0%	31 – 40	15 mánuðir
31-40	21-30			0%, 30%	21 – 30	30 mánuðir
31-40	21-30	11-20		0%, 30%, 50%	11 – 20	45 mánuðir
	21-30	11-20	0-10	0%, 30%, 50%	0 – 10	60 mánuðir

5. Verkefnaval

Val verkefna fyrir innri endurskoðunaráætlun fer þannig fram að starfsfólk Innri endurskoðunar skráir tillögur að nýjum verkefnum jafnóðum og þær kvikna í hugmyndabanka sem unnið er úr á starfsdegi. Þá er óskað eftir tillögum að verkefnum í könnun Innri endurskoðunar, sem nær til á þriðja hundrað stjórnenda, starfsfólks og kjörinna fulltrúa. Að lokum eru tekin viðtöl við lykilstjórnendur og formenn ráða og nefnda til að tryggja samráð við verkefnavalið. Við ákvörðun verkefna í innri endurskoðunaráætlun ræður áhættumat og tími frá því síðast var gerð úttekt á viðkomandi einingu. Uppfært áhættumat segir fyrir um hvar áherslur eiga að liggja og leitast er við að jafna verkefnaálagi í samræmi við matið eins og sést í súluritinu hér að neðan.



ENDURSKOÐUNARÁÆTLUN 2020

Endurskoðanleg eining	Verkefni	Áhætta	Helstu atriði til skoðunar
Ferlar, stefnur og verkefni þvert á svið			
Fagsvið og kjarnasvið	Greining á misferlisáhættu		Framhald verkefnis sem hefur verið í vinnslu hjá fagsviðum og kjarnasviðum borgarinnar. Markmiðið er að leggja heildarmat á misferlisáhættu.
Styrkir og samstarfssamningar	Greining á innra eftirliti		Skoðun á fylgni við verklag og eftirlit.
Fjármála- og áhættustýringarsvið	Aðfangaverli		Samningsstjórnun – könnun á því hvort verið sé að uppfylla efni samninga hverju sinni og hver hafi ábyrgð og yfirsýn yfir skuldbindingar á grundvelli einstakra samninga.
Persónuverndarstefna og stefna um nýtingu upplýsingatækni	Öryggismál snjalltækja		Greining á öryggi og meðferð persónuupplýsinga í tengslum við snjalltækjanotkun (mobile computing)
Fjármála- og áhættustýringarsvið	Fjárhagsáætlunarferli og fjárfestingaráætlun		Hlítni fagsviða, kjarnasviða og miðlægra skrifstofa við samþykkt verklag.
Miðlæg stjórnarsýsla			
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Rafrænar kosningar - Hverfið mitt		Eftirlit með framkvæmd rafrænna kosninga í tengslum við verkefnið Hverfið mitt.
Þjónustu- og nýsköpunarsvið			
Upplýsingatækniþjónusta	Raunlægt öryggi búnaðar		Frágangur vélasala og tölvuskápa
Upplýsingatækniþjónusta	Eftirfylgni		Staða ábendinga úr úttekt á netöryggi hjá Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringarsvið			
Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa	Innheimtumál		Skoðun á fyrirkomulagi innheimtu valinna tekjuliða og fylgni við innheimtuglur borgarinnar.
Áætlana- og uppgjörsskrifstofa	Eftirfylgni		Staða ábendinga í úttekt á uppgjörssferli A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar
Mannauðs- og starfsumhverfissvið			
	Mannauðsmál		Greining á ábendingum sem fram komu í könnun og viðtölum við lykilstjórnendur varðandi mannaúsmál.

Endurskoðanleg eining	Verkefni	Áhætta	Helstu atriði til skoðunar
Skóla- og frístundasvið			
Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar	Hlítni við samning		Skoða hvort fjármunum sé veitt í samræmi við samning og hvernig eftirliti SFS er háttað.
Grunnskólaskrifstofa / fjármáladeild	Eftirfylgni		Staða ábendinga úr úttekt á rekstri grunnskóla og fjárhagslíkani
Íþrótta- og tómstundasvið			
Sundlaugar	Öryggismál		Yfirfara fyrirkomulag öryggismála og hlítni við innri reglur ÍTR
Skrifstofa sviðsstjóra	Eftirfylgni		Staða ábendinga úr úttekt á styrkveitingum til íþróttafélaga
Ýmis starfsemi	Eftirfylgni		Staða ábendinga úr úttekta á tekjuskráningu og sjóðsúttekt
Umhverfis- og skipulagssvið			
Byggingafulltrúi	Hlítni við verklagsreglur		Yfirfara málsmeðferð og leggja mat á nægjanleika og virkni eftirlitsaðgerða
Rekstur og umhirða borgarlands	Kostnaðargreining		Greining á kostnaði á völdum kostnaðarstöðum
Velferðarsvið			
Heimaþjónusta og heimahjúkrun	Hlítni við verklag og innra eftirlit		Málsmeðferð skoðuð með hliðsjón af innra eftirliti.
Búsetuúrræði	Eftirfylgni		Staða ábendinga í úttekt á verklagi við umsókn og úthlutun sértæks búsetuúrræðis.
Barnavernd	Eftirfylgni		Staða ábendinga í úttekt á verkferlum Barnaverndar
Menningar- og ferðamálasvið			
Þvert á starfseiningar sviðs	Greining risnukostnaðar		Könnun á hlítni við reglur borgarinnar um risnu

Viðmælendur

Við gerð innri endurskoðunaráætlunar átti innri endurskoðandi samtöl við eftirfarandi aðila og eru þeim færðar góðar þakkir fyrir þeirra innlegg;

Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri
Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs
Ebba Schram, borgarlögmaður
Eyþór Laxdal Arnalds, borgarfulltrúi
Guðlaug Sigurðardóttir, skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörsskrifstofu
Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjárstýringar- og áhættustýringarsviðs
Harpa Ólafsdóttir, skrifstofustjóri kjaraskrifstofu
Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs
Helga Benediksdóttir, skrifstofustjóri fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu
Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar
Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
Hjálmar Sveinsson, formaður menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs
Ingi Poulsen, umboðsmaður borgarbúa
Janus Arn Guðlaugsson, frkvstj. borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokks
Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi
Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar
Líf Magneudóttir, formaður umhverfis- og heilbrigðisráðs
Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs
Ólöf Marín Úlfarsdóttir lögfræðingur á fjárstýringar- og áhættustýringarsviði
Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Ómar Einarsson sviðsstjóri íþróttar- og tómstundasviðs
Óskar J. Sandholt sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs
Pawel Bartoszek, forseti borgarstjórnar
Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs
Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður skipulags- og samgönguráðs
Skúli Þór Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs
Stefán Eiríksson, borgarritari
Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri íþróttar- og tómstundasviðs
Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi
Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar
Tjarnargötu 12
101 Reykjavík

Efni: Stjórnskipulagslegt óhæði Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar er eining sem samanstendur af sjálfstæðum og óháðum sérfræðingahópi, sem samkvæmt skipuriti heyrir beint undir borgarráð.

Innri endurskoðun er hluti af stjórnkerfi Reykjavíkurborgar en lögð er áhersla á að tryggja að starfsmenn hennar séu hlutlausir í reynd og starfi óháð þeim rekstrareiningum sem þeir endurskoða. Slíkt er tryggt með stjórnskipulegri stöðu Innri endurskoðunar og með því að innri endurskoðandi tileinki sér hlutlæg vinnubrögð.

Rík áhersla er lögð á sjálfstæði Innri endurskoðunar. Innri endurskoðun ber ekki ábyrgð á innra eftirliti í starfseminni eða ábyrgð á innleiðingu þess. Innri endurskoðun er hins vegar ráðgefandi gagnvart yfirstjórn varðandi ákvarðanir um nýjar aðferðir við uppbyggingu innra eftirlits í starfseminni.

Innri endurskoðandi gefur skýrslur beint til æðstu stjórnenda og starfsmenn Innri endurskoðunar gegna ekki öðrum störfum innan borgarinnar.

Virgni innra eftirlits og áhættustýringar innan samstæðu Reykjavíkurborgar og A hluta borgarsjóðs er á ábyrgð borgarráðs og stjórnenda viðkomandi starfseininga. Virgni innra eftirlits og áhættustýringar fyrirtækja innan B hluta borgarsjóðs er á ábyrgð viðkomandi stjórnar B hluta fyrirtækja og stjórnenda þeirra.

Til að ná fram markmiði Innri endurskoðunar hefur innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar:

- ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfseminni svo sem eignum, starfsfólki, skýrslum, skráum og öðrum gögnum sem innri endurskoðandi telur nauðsynleg til að ná fram markmiðum endurskoðunarinnar, þ.m.t. upplýsingum hjá stjórnendum og fundargerðum stjórnar og nefnda.
- heimild til að krefjast þess að allir starfsmenn og stjórnarmenn veiti þær upplýsingar og útskýringar, sem á þarf að halda, innan sanngjarns tíma.
- óheft samskipti við þá, sem sinna ytri endurskoðun hjá viðkomandi fyrirtæki.

Allar starfseiningar og dótturfélög borgarsjóðs Reykjavíkurborgar falla með þeim hætti undir starfssvið Innri endurskoðunar að hún sinnir innri endurskoðun innan A hluta samstæðu Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs og ber sem slík ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun hefur aðkomu að innri endurskoðun innan B hluta samstæðunnar í samræmi við stefnu borgarráðs og á grundvelli samkomulags við viðeigandi stjórnir dótturfélaga. Umfang Innri endurskoðunar markast af því fjármagni sem veitt er til starfseinnar. Undirritaður hefur rætt um þörf yfir aukið fjármagn til starfsemi Innri endurskoðunar við endurskoðunarnefnd, formann borgarráðs og borgarstjóra.

Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar hefur beinar starfslegar boðleiðir til borgarráðs, endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og eftir atvikum stjórnar viðkomandi B hluta fyrirtækis með eftirfarandi hætti:

- Endurskoðunarnefnd samþykkir starfsreglur Innri endurskoðunar;
- Endurskoðunarnefnd samþykkir áhættumiðaða innri endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar fyrir A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar og stjórnir B hluta fyrirtækja samþykkja innri endurskoðunaráætlun sem snýr að þeim;



- Borgarráð samþykkir rekstraráætlun innri endurskoðunar og þar með auðlindaáætlun;
- Endurskoðunarnefnd fær reglulega upplýsingar frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar um árangur Innri endurskoðunar miðað við áætlun hennar og önnur mál;
- Borgarráð samþykkir ákvarðanir um skipun og brottvikningu innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar í samráði við endurskoðunarnefnd;
- Endurskoðunarnefnd beinir viðeigandi fyrirspurnum til stjórnenda og innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar til að ákvarða hvort til staðar séu óviðeigandi takmarkanir á umfangi eða auðlindum.

Undirritaður staðfestir í samræmi við framangreint stjórnskipulegt óhæði Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og þar með að Innri endurskoðun er laus við afskipti varðandi ákvörðun á umfangi Innri endurskoðunar, framkvæmd verkefna, og miðlun niðurstaðna.

Virðingarfyllt

Hallur Símonarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar



Starfsreglur Innri endurskoðunar

1. Inngangur

Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur samstæðu Reykjavíkurborgar. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur Innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna og stuðlar þannig að því að Reykjavíkurborg nái markmiðum sínum.

Starfsreglur þessar eru settar í samræmi við alþjóðlega staðla um framkvæmd innri endurskoðunar, „International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing“ (hér eftir kallaðir *Staðlarnir*), sem fela í sér skilgreiningu, siðareglur og viðmið um faglega framkvæmd innri endurskoðunar.

Starfsreglurnar skilgreina tilgang, heimildir og ábyrgð Innri endurskoðunar gagnvart samstæðu Reykjavíkurborgar.

2. Umboð

Innri endurskoðun heyrir undir borgarráð Reykjavíkur. Borgarráð ræður innri endurskoðanda í samráði við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnarsýslu borgarinnar. Innri endurskoðandi skal árlega staðfesta stjórnskipulegt óhæði Innri endurskoðunar við endurskoðunarnefndina.

Innri endurskoðun sinnir innri endurskoðun innan A hluta Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs og ber sem slík ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Reykjavíkurborgar vegna ábyrgðar A hluta á B hluta. Innri endurskoðun sinnir og/eða hefur eftirlit með innri endurskoðun innan B hluta samstæðunnar í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 25. október 2007 og á grundvelli samkomulags við viðeigandi stjórnir dótturfélaga.

Í störfum sínum þarf Innri endurskoðun að hafa aðgang að öllum gögnum og eignum sem snerta þau verkefni sem Innri endurskoðun sinnir hverju sinni. Innri endurskoðandi hefur seturétt á fundum borgarráðs og/eða fundum stjórnna B hluta félaga eftir því sem hann telur dagskrárefni gefa tilefni til. Stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar ásamt borgarráði, fagráðum, stjórnnum, stjórnendum og starfsmönnum dótturfyrirtækja sbr. 2. mgr. skulu veita starfsmönnum Innri endurskoðunar tímanlega alla þá aðstoð og allar þær upplýsingar sem óskað er og á því formi sem Innri endurskoðun þarf til þess að geta uppfyllt starfsskyldur sínar.

3. Faglegur grunnur

Staðlarnir eru faglegur grunnur að starfsemi Innri endurskoðunar og ber Innri endurskoðun að fylgja þeim í hvívetna. Í samræmi við Staðlana ber Innri endurskoðun að gæta óhæðis og hlutleysis í störfum sínum.

Innri endurskoðun fylgir í störfum sínum stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012 og persónuverndarlögum nr. 90/2018.

4. Starfsemi

Innri endurskoðun annast innri endurskoðun hjá A og B hluta borgarsjóðs. Innri endurskoðandi skal í samræmi við stefnu borgarráðs stilla upp samkomulagi um innri endurskoðun fyrirtækja innan B hluta

borgarsjóðs sem meðal annars kveður á um umboð og hlutverk Innri endurskoðunar gagnvart viðkomandi fyrirtæki.

Um umfang starfsemi Innri endurskoðunar gildir:

- Borgarstjórn samþykkir fjárheimildir Innri endurskoðunar.
- Innri endurskoðandi leggur áhættugrunnaða innri endurskoðunaráætlun A hluta Reykjavíkurborgar fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og til kynningar í borgarráði.
- Innri endurskoðandi leggur innri endurskoðunaráætlanir B hluta félaga fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og stjórn viðkomandi félags til samþykktar. Hafi stjórn B hluta félags samið um innri endurskoðun við annan aðila skal innri endurskoðunaráætlun félagsins gerð í samráði við innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar áður en hún er lögð fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu.
- Innri endurskoðandi gerir endurskoðunarnefnd grein fyrir verkefnum Innri endurskoðunar og borgarráði, fagráðum og stjórnnum B hluta félaga eftir því sem við á. Innri endurskoðandi gerir endurskoðunarnefnd, borgarráði og/eða viðkomandi stjórnnum viðvart ef vart verður við misferli í meðferð fjármuna.
- Endurskoðunarnefnd hefur eftirlitshlutverki að gegna gagnvart starfsemi Innri endurskoðunar og innri endurskoðendum B hluta félaga.
- Innri endurskoðun skilar árlegri skýrslu um starfsemi sína til endurskoðunarnefndar og er hún að því búnu lögð fram til kynningar í borgarráði.
- Borgarráð getur falið Innri endurskoðun að taka að sér verkefni tengd einstökum einingum eða þáttum í rekstri Reykjavíkurborgar. Stjórnendur félaga og rekstrareininga hjá A og B hluta Reykjavíkurborgar geta með rökstuddum erindum óskað eftir aðkomu Innri endurskoðunar að verkefnum sem undir þá heyrir.
- Við framsetningu og dreifingu niðurstaðna verkefna skal fylgja samþykktri upplýsingastefnu Innri endurskoðunar.

5. Eðli og umfang verkefna

Innri endurskoðun veitir þjónustu sem ætlað er að auka virði og bæta starfsemi og stjórnsýslu borgarinnar í heild. Innri endurskoðun veitir hlutlaust mat á gæðum og skilvirkni stjórnarháttá, áhættustýringar og innra eftirlits í samræmi við Staðlana.

Þjónusta Innri endurskoðunar felur í sér staðfestingarvinnu og ráðgjöf. Staðfestingarvinna felur í sér hlutlægt mat á gögnum til þess að gefa óháð álit eða niðurstöður varðandi rekstrareiningu, rekstur, starfsemi, ferli, kerfi eða aðra efnisþætti. Eðli og umfang staðfestingarverkefna er ákveðið af innri endurskoðanda. Ráðgjafarþjónusta er ráðgefandi í eðli sínu og er almennt veitt samkvæmt beiðni viðskiptavinar. Algengt er að í úttektum sé um að ræða blandaða nálgun, þ.e. bæði staðfestingu og ráðgjöf.

Innri endurskoðun leggur mat á stjórnarhætti með skilvirkni og gagnsæi að leiðarljósi. Þá metur Innri endurskoðun og gerir viðeigandi tillögur til úrbóta á stjórnarháttum, áhættustýringu og eftirliti. Innri endurskoðun leggur mat á virkni eftirlits til að bregðast við áhættu tengdri stjórnarháttum, upplýsingakerfum og rekstri og hvetur til stöðugra úrbóta. Jafnframt skal Innri endurskoðun greina misferlisáhættu.

6. Siðareglur

Starfsmenn Innri endurskoðunar starfa samkvæmt siðareglum alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, „Code of Ethics“. Þær fela í sér það siðferðislega gildismat samkvæmt fjórum meginreglum um heilindi, hlutlægni, trúnað og færni sem starfsmenn eiga að hafa að leiðarljósi í störfum sínum og um leið að varðveita og efla það traust og þann trúverðugleika sem skrifstofunni ber að hafa.

7. Endurskoðun á starfsreglum

Árlega eru starfsreglurnar yfirfarnar af innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar og lagðar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til samþykktar til að meta hvort tilgangur, valdheimildir og ábyrgð séu fullnægjandi til að markmiðum með starfsemi Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar sé náð.

Tilvísanir

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun – Staðlarnir
„International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing“

Siðareglur um innri endurskoðun, „Code of Ethics“

19. liður fundargerðar borgarráðs 25. október 2007

Samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, dags. 10. júlí 2014

Upplýsingastefna Innri endurskoðunar

Stjórnarsýslulög nr. 37/1993

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

Síðustu breytingar og/eða athugasemdir

Samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar 9. desember 2019

Samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar 27. nóvember 2017

Samþykkt á fundi borgarráðs 3. nóvember 2016

Afgreitt á fundi endurskoðunarnefndar 17. október 2016

Samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar 14. október 2015